

Heilfóður-Fréttabréf

Heilfóðrun býður upp á marga möguleika til að nýta ýmis hráefni til fóðrunar. Grunnurinn er þó gróffóðrið og hvert fóðurgildi þess er. Heyefnagreiningar eru því grunnurinn sem fóðrunin byggist á. Heilfóðrun bætir fóðurnýtingu og minnkar sveiflur í vambarumhverfi kúnna. Kýrnar fá jafnt hlutfall af orku, próteini og trefjum í hverjum munnbita. Ef rétt er staðið að blönduninni skiptir goggunarröð í fjósinu engu máli og veikari kýrnar fá alltaf sitt, en ekki bara snauðar og ólystugar leyfar.

Mismunandi aðferðir

Tvær mismunandi heilfóðrunar-aðferðir eru algengastar. Eiginlegt heilfóður (TMR) þar sem heilfóðrið uppfyllir allar þarfir kúnna og ekkert annað gefið með og svo hálf heilfóður (PMR) þar sem nythæstu kýrnar fá einstaklingsbundið viðbótarkjarnfóður til að uppfylla fóðurþarfirnar sínar en heilfóðurblandan sér fyrir þörfum nytlægru kúa upp að ákveðinni nyt. Hálf heilfóðrið



má eiginlega kalla íslenska heilfóðrið en það er algengasta heilfóðrunin á Íslandi. Ekki margir hér á landi hafa farið alla leið með heilfóðrið. Róbóta-bændur komast svo sem aldrei upp með það að vera ekki með viðbótar-kjarnfóður í róbótanum til að fá mætingu.

Kostir

Með því að blanda er hægt að nýta betur mismunandi heygerðir og jafnvel „lauma“ lakara heyi með ef menn sitja uppi með slíkt. Auðvelt er að koma heimaræktuðu byggi í kýrnar og spara í leiðinni kjarnfóður. Aukaafurðir sem falla til á búinu eða í nágrenninu er auðvelt að nýta í heilfóður, t.d. mask, brauð, grænmeti o.fl. Með heilfóðri er líka auðvelt að koma steinefnum og vítamínum í kýrnar og stilla þau eftir efnainnihaldi gróffóðursins og hráefnanna í blöndunni. Kýrnar torga meira fóðri þegar það er saxað sem skilar sér í aukinni mjólk. Vel hönnuð heilfóðurblanda getur sparað mikið af tilbúnum kjarnfóðurböndum því hægt er að nota stök hráefni sem eru oftast ódýrari í innkaupum. Minni sveiflur verða á vambarumhverfinu og kýrnar halda betur á sér - fara ekki eins hátt upp en halda nytinni betur.

Gallar

Engin mismunun á gripum, hámmjólká kýr eru vanfóðraðar og lágmjólká kýr offóðraðar. Kýrnar læra hins vegar mikið á þetta, hámmjólká kýrnar éta meira en lágmjólká. Þetta þekkist ekki sem vandamál t.d. í Danmörku þar sem er mikil hefð fyrir heilfóðrun. Blöndunar- og gjafabúnaðurinn getur verið dýr og þarf alltaf að viðhalda þessum búnaði. Einnig hentar heilfóður ekki öllum fjósgerðum.

Skipting í hópá

Mjög mikilvægt að taka geldkýrnar frá ef verið er að gefa heilfóður. Á stórum búum erlendis getur hjörðinni verið jafnvel skipt í 7 hópá. Algengara eru samt 3 hópá af mjólkurkúm og svo geldkýr sér. Nýbornar kýr, kýr á miðju mjaltaskeiði og kýr á seinni hluta mjaltaskeiðsins. Margir hópá auka samt vinnuna og ræður bústærðin hvað borgar sig að hafa marga hópá. Á minni búum getur heilfóðrun vel gengið upp með einn hópá af mjólkurkúm og svo geldkýr sér.

Góð heilfóðrun



Aðalatriðið við góða heilfóðrun er að kýrna eiga ekki að geta valið úr blöndunni. Þær eru mjög góðar í því að velja úr „nammið“ og þarf því að blanda og saxa vel og láta fóðurefnin klístrast saman og er þá oft vatnsviðbót lykillinn, einnig geta „blaut“ fóðurefni hjálpað, t.d. melassi.

Ef kýrnar ná að velja þá fá veikari kýrnar og kvígurnar bara leyfar og ekki það orkuríka fóður sem við höfum reiknað með og þá getum við farið að sjá allskyns vandamál í fjósinu því þær frekustu fara að offóðrast. Kýrnar eru lengur að éta þegar þær eru að velja svo þær liggja minna og framleiða þá minni mjólk. Góð heilfóðrun byggir líka á því að blanda alltaf eins, breytileikinn er helsti óvinur mjólkurkúá, þær vita þá alltaf að hverju þær ganga og þurfa ekkert að stressa sig að fara að éta akkúrat þegar það er gefið, því fóðrið er alltaf eins. Hjörðin verður því rólegri með minna stressi => meiri mjólk.

Fóðurgangurinn á aldrei að vera tómur - það veldur stressi. Leifarnar eru góður mælikvarði á fóðrunina en 2% af blöndunni ættu að vera leifar. Þær eiga að líkjast fóðrinu sem var blandað í upphafi. Einu sinni á dag skal hreinsa fóðurganginn.

Gott heilfóður

- Engir fóðurklumpar
- Engar agnir sem er hægt að flokka úr
- Ekkert ryk eða agnir á fóðurganginum undir fóðrinu
- Einsleitt fóður saxað (ekki slitið) í 25-35 mm stubba
- Öll hráefnin eiga að hverfa í blönduna
- Blandan rök og klístruð
- Kýrnar éta ofanfrá og niður eru ekki að gramsa.



Að blanda

Mikilvægt er að byrja að setja þurrefnin í og bleyta í þeim í vatni og leyfa því að standa í helst klukkutíma. Vatnsmagnnið ætti að vera að minnsta kosti 50% af þyngd þurrefnanna. 100 kg maís = 50 kg vatn að minnsta kosti. Blanda næst gróffóðrinu, ef það er verið að blanda saman mismunandi heytegundum þá byrja á þurrasta heyinu því það þarf mestu söxunina og enda á blautasta heyinu. Saxa í 25-35 mm og gera hlutina alltaf eins og gera allar breytingar rólega.

Það er mjög mikilvægt að allt fóðrið sé á hreyfingu um blandarann svo það saxist jafnt því við viljum einsleitt fóður. Blanda í að minnsta kosti 30 mín.

Gjafir

Gefa þarf það mikið að 2% af blöndunni er sópuð í burtu. Þekkist víða erlendis að gefa einungis einu sinni á dag en þá er lykilaatriði að sópa að kúnum að minnsta kosti 6 sinnum á dag. Það er betra að gefa oftar þá er minna sleg í fóðrinu en of margar gjafir geta hins vegar líka aukið á stress í hjörðinni. Nýleg rannsókn sýndi fram á það að 3 gjafir auki fitu og minnkar líkurnar á súrdoða miðað við eina gjöf á dag.



Það er mjög mikilvægt að fylgjast með átinu upp á að við séum að blanda rétt og gefa þeim nógu mikið. Ef allar kýrnar koma við gjafir getur það verið vísbending um að við séum ekki að gefa nógu eða það sé hægt að velja eitthvað „gotteri“ úr blöndunni þegar hún er fersk. Fóðurgangurinn á aldrei að vera tómur.

Heilfóðrun

Heilfóðrun bætir heilsufar kúnna og minnka sveiflur, eykur átið sem skilar sér í aukinni mjólk. Bætir fóðurnýtingu og sparar kaup á tilbúnum kjarnfóðurblöndum. Hins vegar er það vinna að blanda en miðað við alla þessa kosti við að blanda er það virkilega vel launuð vinna og ekki má gleyma að hefðbundnar gjafir taka alltaf tíma líka ef vel á að vera.

Ef áhugi er fyrir því að prufa heilfóðrun er ykkur frjálst að hafa samband við undirritaðann eða aðra starfsmenn RML og skoða hvernig væri hægt að útfæra það.

Baldur Örn Samúelsson
Ráðunautur í fóðrun og nautgripærækt
baldur@rml.is